

Veiðifélag Ytri-Rangár
Bjólu 1
851 Hella

Reykjavík, 2.6.2025
UOS2501500/A.E.H.
11.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 30. apríl 2025 – Veiðifélag Ytri-Rangár, Húsafelli, ID 246

Þann 30. apríl sl. fór fram regluundið eftirlit í Veiðifélagi Ytri- Rangár í Húsafelli. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö eldri frávik eru opin.

1. Árið 2023 reiknaðist fosfórslosunin 8,9 kg P/tonn og er yfir mörkum starfsleyfis sem eru 7 kg P/tonn.
2. Ársyfirliti var skilað inn með ófullnægjandi upplýsingum.

Rekstraraðili vann eftir samþykktu úrbótaáætlun varðandi eldri frávik og átti þeim að vera lokið 27. ágúst 2024. Frávikin eru ennþá opin.

Þrjú frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Ársyfirliti hefur ekki verið skilað inn til Umhverfis- og orkustofnunar.
2. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi hefur ekki verið skilað inn til Umhverfis- og orkustofnunar.
3. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Fosfórslosun er 8,4 kg P/tonn sem er yfir mörkum starfsleyfis.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 23. júní 2025.

Virðingarfyllt

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur